



BLAÐ BIBLÍUFÉLAGSINS
FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR 2025



LEIÐBEININGAR FYRIR BYRJENDUR

Hvernig á að lesa Biblíuna?

Undanfarið hefur orðið vart við jákvæða umfjöllun um unga menn hér á landi sem eru farnir að sækja kirkju í auknum mæli og leita í sjóði trúarinnar. Þetta gildir ekki eingöngu á Íslandi. Sömu þróunar hefur orðið vart víðar í heiminum. Það hefur þess vegna einnig færst í vöxt að eldra fólk spyrji hvaða ráð það eigi að gefa ungu fólki sem fær áhuga á trúnni, bæninni, helgi-haldi kirkjunnar og Biblíunni.

Í þessu blaði Biblíufélagsins fannst okkur tilvalið að taka saman nokkra punkta um það sem ber að hafa í huga þegar við nálgumst Biblíuna.

Hvar get ég fengið Biblíu?

Hægt er að fá Biblíu víða, bæði prentaða og rafræna, og einnig sem hljóðbók. Hér eru nokkrir staðir:

- ✓ Í næstu bókabúð eða á vefverslun biblian.is er hægt að kaupa Biblíu.
- ✓ Hægt er að lesa ókeypis á biblian.is og í gegnum biblíuöpp eins og Youversion.
- ✓ Hægt er að hlusta á Biblíuna sem hljóðbók ókeypis á biblian.is, Storytel, Youversion og fleiri snjallforritum.
- ✓ Á síðunni Gideon.is er hægt að panta Nýja testamenti endurgjaldslaust.

Hvar á ég að byrja að lesa?

Sumir gera þau byrjendamistök að ætla sér að byrja á blaðsíðu eitt og lesa Biblíuna alla í gegn þannig. Það er aðferð sem ekki er mælt með. Fremur er mælt með því að byrja á einhverju guðspjallanna, t.d. Jóhannesarguðspjalli eða Markúsarguðspjalli. Ef fólk vill byrja á Gamla testamentinu er oft mælt með því að lesa Sálmana (oft kallaðir Davíðssálmar) og einnig Orðskviðina sem geyma ýmis heil-



Nýverið var umfjöllun í kvöldfréttum RÚV um aukna kirkjusókn ungs fólks. Þar kom m.a. fram að ungir drengir sem sækja Neskirkju reglulega eru með stóran hóp á Snapchat sem kallar sig „Church Bro’s“. Mynd: Shutterstock.

ræði. Þá eru rit í Gamla testamentinu sem geta verið góð byrjun, eins og Daníelsbók, Rutarbók eða Esterarbók. Gott er að ákveða að lesa eitthvað smá á hverjum degi.

Hvernig á að lesa Biblíuna?

Í BÆN: Einhver sú besta leið til að stilla sig inn á lestur Biblíunnar er

í gegnum bæn. Byrjaðu lesturinn á að biðja Guð um að opna hug þinn og hjarta fyrir leyndardómum og mætti þess sannleika sem geymdur er í ritningunum.

Tilvitnun: „Nálgastu aldrei orð leyndardómanna sem er að finna í helgum ritningum án bænna, án þess að biðja Guð um

hjálp. Segðu: Drottinn, veit mér að finna máttinn sem í þeim er fölginn. Bænin er lykillinn sem lýkur upp sannri merkingu ritninganna.“ (Ísak Sýrlend-ingur, 7. öld.)

MEÐ OPNUM HUGA: Lestu Biblíuna eins og ljóð. Þegar þú lest ljóð gerir þú þig móttækilega/n fyrir því sem ljóðið er að tjá. Með sama huga og í sama anda er gott að nálgast Biblíuna.

Tilvitnun: „Biblían er stór skógur með alls kyns trjám. Þar má finna margs konar aldin. Ég hef aldrei til einskis hrist neina grein í þeim skógi.“ (Marteinn Lúther.)

MEÐ ÍHUGUN: Leyfðu orðunum að tala til þín með því að íhuga þau. Þegar þú hefur lokið við að lesa lítið eitt, láttu þá orðin dvelja með þér. Hvað talar til þín og þinna aðstæðna núna?

Tilvitnun: „Á sama hátt og þú lætur vera að brjóta til mergjar orð ástvinar þíns og tekur þau eins og þau eru sögð við þig, án fyrirvara, eins skaltu taka orð ritningarinnar og hugleiða þau í hjarta þínu eins og María gerði. Það er allt og sumt. Það er íhugun orðsins.“ (Bonhoeffer.)

Bibliútextar eru marglaga

Athugaðu að Biblían er marglaga. Dæmisögur Jesú og ýmis orð Biblíunnar geta talað til fólks á mismunandi hátt. Biblían talar t.d. á ólíkan hátt til þín eftir því hvað þú ert að ganga í gegnum. Þess vegna er æskilegt að nálgast hana með opnum huga. Þú getur verið viss um að þú uppgötvar eitthvað nýtt í hvert skipti sem þú lest sama kaflann. -ghg



Hvað er Biblíudagurinn?

Biblíudagurinn er á sunnudaginn kemur, 23. febrúar, en hann er jafnan haldinn 2. sunnudag í níuviknafostu. Löng hefð er fyrir Biblíudeginum, en hann var fyrst haldinn hér á landi árið 1949 fyrir hvatningu frá Sam-einuðu biblíufélögum (e. United Bible Societies). Guðspjall þessa dags er um sáðmanninn sem gekk út að sá (Lúkasarguðspjall 8) og er það vel við hæfi.

Hið íslenska biblíufélag er samkirkjulegt og á Biblíudaginn hefur verið hefð að taka samskot í kirkjum og kristnum trúfélögum til stuðnings félaginu. Útvarpsmessan á sunnudaginn verður tileinkuð Biblíudeginum. Halldór Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri félagsins, prédikar.

Nú er 441 ár síðan Biblían var fyrst prentuð í heild á íslensku. Guðbrandur biskup nýtti sér nýjustu tækni sinnar tíðar til að koma texta Biblíunnar á framfæri. Biblíufélagið fetar í fótspor Guðbrands og leitar stöðugt nýrra leiða til að gera ritninguna aðgengilega sem flestum. Birting ritningartexta á samfélagsmiðlum, áskrift að daglegum biblíulestrum í tölvupósti, stafrænt aðgengi að Biblíunni á vefsíðu og í smáforritum eru allt hluti af því verkefni. Þá kom Biblían út í heild á hljóðbók í ágúst 2024 og er fjallað nánar um það verkefni hér í blaðinu. Biblíufélagið hefur jafnframt nýtt sér framþróun í stafrænni prent-tækni, m.a. við útgáfu altarisbiblíu sem kom út í lok árs 2023.

Hið íslenska biblíufélag tekur þátt í samstarfi Biblíufélaga um allan heim og hefur á liðnum árum stutt við útbreiðslu Guðs orðs í Kína, á Haítí og í Sýrlandi.

Verkefni Biblíufélagsins hefur verið skýrt frá stofnun þess. Við vonum að sem flestar kirkjur taki þátt í Biblíudeginum nú í ár og leggi okkur lið við það mikilvæga verkefni að gera Biblíuna aðgengi-lega öllum.

ERT ÞÚ Í BIBLÍUFÉLAGINU?

VERTU MEÐ!

biblian.is/vertu-med

Ungt fólk notar Biblíuna á samfélagsmiðlum

Mikill biblíu- og trúaráhugi ungmenna birtist með ýmsum hætti, meðal annars á samfélagsmiðlum eins og TikTok, Snapchat, Instagram og Facebook. TikTok virðist vera öflugt trúboðstæki, en þar má finna margt ungt fólk sem fjallar um Biblíuna og veitir leiðbeiningar og ráð um hvernig má nota hana dags daglega.

Af öðrum ólöstuðum er séra



Sindri Geir Óskarsson, prestur á Akureyri, líklega þekktasti íslenski TikTok-arinn sem fer ekki í graf-götur með trúaráhuga sinn. Hann hefur um 8000 fylgjendur. B+ tók saman nokkra aðra tengla sem njóta vinsælda á TikTok:

tiktok.com/@serasindri
tiktok.com/@haniemkhalidd
tiktok.com/@fririk.r.schram
tiktok.com/@gabriel.hara
tiktok.com/@eythor94
tiktok.com/@ellesmaddry
tiktok.com/@blessingbearers
tiktok.com/@charlize.jenna
tiktok.com/@highvibegrl
tiktok.com/@lindsey_ledoux

#christiantiktokcommunity



Yfir 90 klukku-stunda upp-lestur

Allar 66 bækur nýju íslensku biblíuþýðingarinnar, sem kom út 2007, hafa nú verið hljóðritaðar. Hægt er að hlusta á lesturinn á vef Hins íslenska biblíufélags (biblian.is/hljodbok/) og í You-version-appinu (www.bible.com) án endurgjalds. Einnig er bækurnar að finna á hljóð-bókaveitum eins og Storytel, Apple Books, Kobo Books og Audiobooks.com svo nokkrar séu nefndar. Listi yfir hljóð-bókarveitur sem bjóða upp á íslensku Biblíuna er á [biblian.is/hljodbok/veitur/](#).

Verkefnið hófst árið 2019 með hópþjármögnun. Gerð hljóðbókarinnar var alfarið fjármögnuð með frjálsum fram-lögum velunnara Biblíunnar. Unnið var að verkefninu með hléum í fimm ár en upptökum lauk á síðasta ári. Hljóðbókin tekur alls 90 klukkustundir og 19 mínútur í flutningi.

Átta leikarar, konur og karlar, lesa bækurnar sem nú hafa verið birtar. Þau eru: Arnar Jónsson (16 bækur), Álfrún Helga Örnólfsdóttir (5 bækur), Eggert Kaaber (8 bækur), Guðjón Davíð Karlsson (2 bækur), Kristján Franklín Magnús (12 bækur), Ragnheiður Steindórsdóttir (7 bækur), Steinunn Jóhannesdóttir (5 bækur) og Þóra Karítas Árnadóttir (11 bækur).

B+ lék forvitni á að vita hvernig lesurum hefði þótt að vinna þetta verkefni og lagði fyrir þá þrjár eftirfarandi spurningar:

1 Þekktir þú til Biblíunnar áður en þú tókst þátt í upplestri hennar? (Hafðir þú lesið einhverja hluta hennar eða jafnvel bókina alla?)

2 Breytti lesturinn einhverju varðandi afstöðu þína til Biblíunnar? (Kom efnið þér á óvart. Lærðir þú eitthvað af lestrinum?)

3 Er eitthvað þér sérstaklega minnisstætt eftir lesturinn? (Hvað þá helst? Finnst þér þessi forni texti tala á einhvern hátt til samtíma okkar?)



Arnar Jónsson

1 Karl faðir minn, Jón Kristins-son, var kapellán eða aðstoðar-maður presta lengi vel í Akureyrarkirkju, því voru kirkju-ferðir tíðar. Séra Pétur Sigurgeir-son, síðar biskup, kenndi okkur krökkunum biblíulestur í kjallara kirkjunnar. Maður safnaði biblíu-myndum. Löngu síðar lék ég ein-leik upp úr Jobsbók í Neskirkju og víðar. Las Lúkasarguðspjall í Hall-grímskirkju og lék þar einnig Kaj Munk, þann góða klerk, löngum stundum.

2 Ég get ekki sagt að það hafi miklu breytt. Alltaf sama merkis-bókin sem kennir þér ætíð eitt-hvað við hvern lestur.

3 Ég þekkti áður til flests af því sem ég las. Hvað varðar að höfða til samtíma, þá fer það alfarið eftir framsetningunni. Mannskepnan breytist lítið og megnið af text-anum á erindi.



Kristján Franklín Magnús

1 Ég þekkti til Biblíunnar áður, hafði lesið þó nokkra kafla úr bæði Gamla og Nýja testamentinu en þó ekki bókina alla.

2 Lesturinn breytti ekki afstöðu minni til Biblíunnar, ég þekkti hana nokkuð fyrir lesturinn, en margir þeirra kafla sem ég las komu mér þó á óvart, sérstaklega hefndarhugur margra sem við sögu komu í Gamla testamentinu. Manngæska er þó auðvitað ein-kennismerki margra í Gamla testa-menginu og í Nýja testamentinu kveður auðvitað við allt annan og mannlegri tón í orðum Jesú.

3 Ég las fyrir sjálfan mig marga aðra kafla í bókinni en þá sem ég las upp. Þar eru mér minnisstæð-ust Ljóðaljóðin og Prédikarinn sem ég hef þó margoft lesið áður en eru samt alltaf minnisstæð. Orð Jesú eru sígild og tala til samtím-ans og mættu margir leggja betur við hlustir á þau orð og tileinka sér kenningar hans.



Álfrún Helga Örnólfsdóttir

1 Ég hafði lesið hluta úr Nýja testamentinu en það var fróðlegt að lesa hluta af Gamla testamen-tinu sem ég hafði aldrei lesið áður.

2 Mér fannst áhugavert að kynna mér þessi fornu rit frá menningar-legum og sögulegum vinkli og velta fyrir mér úr hvaða jarðvegi atburðirnir og sögurnar spretta. Ég las hluta af Mósebókunum og þar er auðvitað mikið um sérkenni-lega lagabálka og kennisetninga sem eiga sér rætur í feðraveldis-tímanum kringum 1000-500 f.Kr. Þær hugmyndir stangast mjög á við hugmyndir okkar tíma um jafnrétti og femínisma.

3 Mér finnst áhugavert að pæla í trúarþörf mannsins. Trúarþörfin er auðskilin í þeim aðstæðum sem lýst er í Mósebókunum þar sem fólkið er árum saman í hrakn-ingum í eyðimörkinni, landlaust og hvergi velkomið.



Ragnheiður Steindórsdóttir

1 Sem ung manneskja las ég Nýja testamentið en þekkti lítið til þess Gamla. Ég las Mósebók og Ljóða-ljóðin og forvitni um stöðu kon-unnar í þessum gömlu ritum leiddi mig í bækur Rutar og Esterar.

2 Það eru nokkur ár síðan við tókum upp lestur á Nýja testa-mentinu. Ég man ekki til þess að neitt þar hafi komið sérstaklega á óvart. Ég las Opinberunarbókina, sem er dramatískur og skáldlegur texti, og Jóhannesarbréfin þrjú; hið fyrsta er almenn predikun en hin tvö eru á persónulegri nótum. Allt eru þetta hugleiðingar um föðurinn og soninn, kærleikann, syndina og nauðsyn þess að þekkja hið góða frá hinu illa. Mér fannst þetta auðskiljanlegt og gaman að lesa þetta fyrir væntan-lega hlustendur.

3 Þegar kom að upptökum úr Gamla testamentinu hafði heims-myndin tekið stakkaskiptum. Ég las Jósúabók, þar sem Drottinn allsherjar skipar Jósúa að leiða Ísraelslýð yfir Jórdan, hann gefur þeim landið og heitir þeim full-tingi. Ég las líka kroníkubækurnar tvær. Nákvæmar skráningar Jósúabókar á því hvernig landi er skipt milli ættkvísla Ísraels og svo endalausar ættartölur í Fyrri kroníkubók, ásamt flokkun og talningu á prestum, söngmönnum, hliðvörðum, hermönnum og embættismönnum, eru ekki beint skemmtilestur fyrir okkur í nútímanum. Seinni kroníkubókin er auðveldari aflestrar, en allt er þetta áhugavert.



Eggert Kaaber

1 Ég þekkti talsvert mikið til Biblíunnar þegar ég tók að mér að lesa valda kafla úr henni fyrir hljóðbókarútgáfuna. Samt áttaði ég mig á því að margt var enn ólesið hjá mér.

2 Ég get ekki sagt það að lestur-inn hafi breytt afstöðu minni til Biblíunnar en sumir kaflar sem ég hafði ekki lesið áður komu mér á óvart.

3 Nokkrir kaflar sem ég hafði ekki lesið áður voru mér minnisstæðir, eins og t.d. Esekíel. Þar er textinn gríðarlega vel skrifaður og kraft-mikill og upplifunin að flytja hann í hljóðverinu var ógleymanleg. Já, það er staðreynd að texti Biblí-unnar talar heldur betur til okkar samtíma í dag. Við getum margt lært af honum.



Steinunn Jóhannesdóttir

1 Já, ég þekkti til Biblíunnar frá barnæsku. Ég er alin upp við heimilisguðrækni sem fólst í því að hlusta á útvarpsmessuna á sunnudögum á meðan verið var að undirbúa sunnudagssteikina. Ég var ung leikkona þegar ég fór í fyrsta skipti að fást við biblíu-texta að eigin vali. En ég hef aldrei lesið Biblíuna frá upphafi til enda, einungis valda hluta hennar, einkum þá sem verkefni í lífi mínu og starfi hafa leitt mig til á öllum tímum og í ýmsum aðstæðum.

2 Lesturinn inn á hljóðbókina breytti ekki grundvallarafstöðu minni til Biblíunnar. En svo lengi lærir sem lifir. Það kom í minn hlut að lesa nokkur af stuttum bréfum aftast í Nýja testamentinu á undan Opinberunarbókinni. Þau bréf þekkti ég lítið sem ekkert áður. Og auðvitað geymdu þau gullkorn sem gaman var að.

3 Þessir fornu textar hjálpa mér við að sjá mitt eigið líf í samhengi við líf kynslóðanna. Biblían er magnað safn bóka um árþúsunda langa glímu mannsins við Guð og sjálfan sig og eigin breyttni. Hún er oft mjög erfið lesning og kröfu-hörð, en býður líka upp á mis-kunnsemi og huggun. Mannkynið er í vanda statt, eins og það hefur oft verið áður. Aftur og aftur erum við áminnt um að bera kærleika hvert til annars. Haldið friðinn! Sigríð illt með góðu. Ég þarf á þessum áminningum að halda, ég þarf á samhengi, ihugun, bænum og huggun að halda.



Guðjón Davíð Karlsson

1 Ég hef lesið töluvert í Biblíunni í gegnum tíðina. Pabbi fékk mig oft til að lesa ritningarlestra í messum þegar ég var yngri sem mér þótti alltaf mjög vænt um. Mér fannst traustið mikið og tók hlutverkið alvarlega. Ég er honum ævinlega þakklátur.

2 Það er kannski ekki hægt að segja að lesturinn hafi breytt afstöðu minni til Biblíunnar. En auðvitað er það þannig að það er allt annað að lesa fyrir sjálfan sig eða lesa upp fyrir aðra. Þannig að það var virkilega gaman og gefandi að fá að lesa og fara dýpra í textann.

3 Þetta var virkilega gefandi ferli. Kannski er mér minnisstæðast hvað textinn talar enn beint til manns. Ég sagast alltaf inn í hann. Sérstaklega minnisstæðir eru mér 15. og 16. kafli Markúsarguðspjalls. Ég fæ alltaf kökk í hálsinn.



Þóra Karítas Árnadóttir

1 Ég er með BA-próf í guðfræði frá HÍ og las Nýja testamentið spjaldanna á milli og vel valdar bækur Gamla testamentisins. Bækurnar sem ég las inn á hljóð-bókina hafði ég lesið áður, en það var virkilega gaman að koma að þeim aftur. Það er mjög gefandi að setjast niður í hljóðveri og lesa heilu bækurnar í gegn. Það er and-lega nærandi.

2 Að mínu mati er lestur á Biblíunni góður grunnur að hvers kyns menningarläsi án þess að fólk geri sér endilega alltaf grein fyrir því. Biblían er heildarsafn af textum sem koma úr mismunandi áttum, er skrifuð af mismunandi höfundum og spanna mismunandi tímabil og því eðlilegt að textarnir höfða misvel til manns. Sumt þykir manni úrelt en annað er sígilt og hægt er að lesa Biblíuna með ótal mismunandi gler-augum og finna gullkorn á víð og dreif sem næra andann ef vilji er fyrir hendi.

3 Mér fannst erfiðast að lesa inn Dómarabókina í ljósi þeirra hörm-ungaratburða sem hafa dunið á Gaza síðustu ár. Í Dómarabókinni er hefningjarn Guð og mikið um blóðsúthellingar og skrýtið að hugsa til þess að átökum hafi nær aldrei linnt á þessu svæði. Lúkasarguðspjall var með fyrstu hljóðbókunum sem ég las og ég gladdist yfir því vegna þess að bókin hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá mér. Boðskapurinn í guðspjöll-unum er að mínu mati sígildur þar sem fjallað er um Jesú sem ljós heimsins.

Upplestur Biblíunnar tókst mjög vel

Gísli Helgason, tónlistarmaður og upptökustjóri, og samstarfsmenn hans hjá Hljóðbók slf. (hljodbok.is), Hilmar Sverrisson og Benjamín Náttmörður Árnason, tóku upp lestur flestra rita Biblíunnar. Kristján Franklín Magnús tók sjálfur upp sinn lestur og Egill Viðarsson hjá Stúdíói Harmi tók upp lestur Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur. Gísli hefur unnið að hljóðbókagerð í hartnær hálfa öld. Hvernig byrjaði sú vegferð?

„Ég fékk gríðarlega mikla reynslu af hljóðritun og klippingum þegar ég fór að vinna hjá Ríkisútvarpinu við gerð Eyjapíslta, ásamt Arnþóri tvíburabróður mínum, árið 1973,“ segir Gísli. Hann var þá á 21. ári. Eyjapíslarnir voru mikilvægur þáttur í að tengja saman Vestmannaeyinga sem voru dreifðir víða um land vegna eldgossins. Þar voru sagðar fréttir, fluttar tilkynningar, hagnýtar ábendingar og hugvekjur svo nokkuð sé nefnt.

„Fram að því höfðum við Arnþór fíktað við alls konar upptökur. Ég stalst stundum inn í hljóðver útvarpsins til að taka upp hitt og þetta ef tæknimenn voru ekki til staðar. Svo fylgdist ég mjög vel með því hvernig þeir unnu og klipptu allt saman,“ segir Gísli. Þeir bræður fæddust sjónskertir og

fóru snemma að notfæra sér segulbandstækni. Tækin voru þá stór og þung spólutæki.

„Við hlustuðum mikið á hljóðbækur og móðir okkar, Guðrún Stefánsdóttir, las fyrir okkur námsefni inn á segulbönd. Þegar við fórum í menntaskóla lásu mágur okkar og systir talsvert inn af námsefni og eins Björn Sigfússon háskólabókavörður og fleiri. Nú eru gjörbreyttir tímar og fólk hefur aðgang að hljóðbókum í gegnum símann sinn og hvar sem er,“ segir Gísli.

Þegar Blindrafélagið setti upp hljóðver og hóf hljóðbókagerð árið 1975 var Gísli fenginn til að annast upptökurnar. Þar voru teknar upp hljóðbækur og hljóðtímarit, einnig kennsluefni fyrir Námsgagnastofnun. Auk þess var gengið þar frá hljóðritunum til útgáfu og útbúnir geisladiskar. „Ég vann þarna í tólf ár, með tveggja ára hléi þegar ég gerðist tónlistarvermaður með Herðísi Hallvarðsdóttur konu minni og fleirum,“ segir Gísli. Hann áætla að hann hafi hljóðritað vel yfir tvö þúsund bækur á þessu tímabili, oft um 250 titla á ári.

Gísli hljóðritaði m.a. upplestur á þremur guðspjöllum og Postulasögunni fyrir Híð íslenska biblíufélag. Fjórir biskupar Íslands lásu guðspjöllin. Ólafur Skúlason las



Gísli Helgason tónlistarmaður. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

“**Þetta er allt mjög hæft og gott fólk. Menn lögðu mikið á sig að gera þetta vel.**

Matteusarguðspjall, Pétur Sigurgeirsson Markúsarguðspjall og Karl Sigurbjörnsson Jóhannesar-guðspjall. Þá las Helga Þ. Stephen-sen leikkona Postulasöguna. Sigurbjörn Einarsson biskup hafði

þá þegar lesið Lúkasarguðspjall sem var tekið upp í Hljóðrita. Þessi upplestur var m.a. gefinn út á snældum og síðar á geisladiski. „Ég man að ég byrjaði á að taka upp lestur Péturs biskups á Markúsarguðspjalli. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona var ráðin til að leikstýra upptökunni. Hún hafði hljóðnema og gat talað beint við biskupinn ef eitthvað mátti betur fara,“ segir Gísli. Hann stillti upp hljóðnemunum og fór svo að stjórnbörðinu. Guðrún og Pétur voru inni í upptökuklefanum. „Ég gáði ekkert að því hvað þau voru að gera og kallaði inn í klefann:

Ég er tilbúinn! Þá heyrði ég dauft já og svo eitthvað muldur. Ég beið í 3-4 mínútur og segi þá: Eigum við ekki að fara að byrja á þessu? Þá segir Guðrún: Æi, það er svo gott að biðja þegar maður byrjar á svona verkefni! Þau voru þá að biðja fyrir upptökunni. Ég verð að viðurkenna að ég skammaðist mín svolítið fyrir framhleypnina.“

Gísli segir að það sé í sjálfu sér ekki neinn munur á að hljóðrita bækur Biblíunnar og aðrar bækur. Að þessu verkefni komu margir lesarar og var fylgst vel með því að rétt væri lesið og að ekki féllu út orð eða setningar. „Ég þurfti að leiðbeina sumum biskupunum með að detta ekki í „messutón“ eða upphafinn helgitón í upplestrinum. Þeir tóku því vel. Það bar þó ekkert á þessu hjá Karli biskupi.“

Við þær upptökur sem nú eru nýbirtar sat Gísli oft hjá upptöku-manninum og leiðbeindi um lestrarlag og eins framburð á nöfnum. Ekki lá alltaf ljóst fyrir hvernig ætti að bera þau fram, að sögn Gísla. „Mér finnst að upplestur Biblíunnar hafi tekist mjög vel. Að öðrum lesurum ólöstuðum vil ég nefna Arnar Jónsson, sem las hluta af þessu. Hann er auðvitað afburðagóður lesari en þetta er allt mjög hæft og gott fólk. Menn lögðu mikið á sig að gera þetta vel.“ –ge

Biblíufélög funduðu í Reykjavík

Framkvæmdastjórar Biblíufélaga á Norðurlöndum og við Eystrasalt funduðu í Reykjavík 11.-12. júní í fyrra. Auk framkvæmdastjóranna var George Sochos frá Sameinuðu biblíufélögunum á fundinum og kynnti hann vinnu við stefnumörkun samtakanna til næstu þriggja til fimm ára.

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup og fráfaramandi forseti Hins íslenska biblíufélags, bauð fundarfólki og stjórn Biblíufélagsins (HÍB) í móttöku og kvöldverð í Biskupsgarði þriðjudaginn 11. júní.

Þá var á fundinum rætt um nýjar biblíupýðingar á alþýðumáli, útgáfu á biblíuritum á táknmáli, stöðu Biblíufélaga í þátttöku-löndunum ásamt styrkleikum og tækifærum til framtíðar.

Starf Biblíufélaganna á Norður-löndum og við Eystrasalt miðar

allt að því að gera Biblíuna aðgengilega öllum á sínu eigin móðurmáli.

Biblíufélögin eiga aðild að Sameinuðu biblíufélögunum sem eru samstarfsvettvangur um 150 Biblíufélaga sem starfa í yfir 220 löndum og sjálfstjórnarsvæðum.

Hvert Biblíufélag starfar sjálfstætt á sínu starfssvæði en nýtur góðs af þekkingu og reynslu annarra félaga. Þannig hefur HÍB fengið ráðgjöf á ýmsum sviðum frá félögunum á Norðurlöndum og við Eystrasalt, m.a. í tengslum við prentun, vefþróun, hljóðbókar-dreifingu og fjársafnanir svo dæmi sé tekið.

Að öðru jöfnu funda framkvæmdastjórar Biblíufélaga á Norðurlöndum og við Eystrasalt árlega og er næsti fundur fyrirhugaður í Vilnius í Litáen um miðjan júní í sumar.



Safnað fyrir Haítí

Biblíufélagið á Haítí hefur leitað til Hins íslenska biblíufélags um tímabundna aðstoð í skelfilegum aðstæðum. Ástandið á Haítí er grafalvarlegt nú þegar glæpagengi hafa tekið stjórnina víða í landinu. Í jóla-söfnuninni í fyrra safnaðist tæp 1 milljón króna til stuðnings verkefninu, en enn er hægt að leggja verkefninu lið. Markmiðið er að ná til 200.000 einstaklinga, bjóða námskeið í áfallahjálp (e. Trauma

Healing), dreifa Biblíum á kreól og frönsku, gefa barnabiblíur og útvega þeim mat og vatn sem hafa þurft að flýja heimili sín.

„Við getum ekki gert þetta ein,“ segir Magda N. Victor, framkvæmdastjóri Biblíufélagsins á Haítí. „Við þurfum á stuðningi ykkar og fyrirbænum að halda.“

Leggja má inn á söfnunar-reikning Biblíufélagsins: 0101-26-003555. Kennitala félagsins er: 620169-7739. Merkt: Haítí.



Orð Guðs fyrir hvern dag

Lykilorð

11. janúar, laugardagur

Ég mun gera við þá sáttmála þeim til heilla og það skal verða ávarandi sáttmáli við þá. *Esekiel 37:26*

Nú sé með yður og friður frá himni og var og kemur. *Opinberunarbókin 1:4*

Ég sé hvernig heiminum er smátt í eyðimörk, ég heyr þrumuna sem okkur nálgast æ meir og verða þjáist með milljónum manna. Og samt, þegar ég horfi á himininn, hugsa ég um aftur gott og að ró og friður m heimsins. *Anne Frank*

Ég sé hvernig heiminum er smátt saman breytt í eyðimörk, ég heyr þrumuna sem mun deyða okkur nálgast æ meir og verða þjáist með milljónum manna. Og samt, þegar ég horfi á himininn, hugsa ég um að allt verði aftur gott og að ró og friður muni nálgast í sál heimsins. *Anne Frank*

Jesaja 66:18-23 :: Lúkas 4:18-46

VELJA DAG

Lykilorð 2025

Orð Guðs fyrir hvern dag

Lykilorð færa þér texta úr Biblíunni, vers fyrir hvern dag ársins, því Guð vill tala til þín úr orði sínu.

- KILJA – til sölu á Netinu og í næstu bókabúð
- Rafbók – fylgir frítt með hverri keyptri kilju
- Hljóðvarp – textar dagsins lesnir upp
- Samfélagsmiðlar – og þeim deilt og tíst

Fylgdu okkur eftir, hlustaðu, lestu!

lykilorð.is
postur@lykilorð.is
sími 864 8790

Boðberi trúar í ræðu og riti

Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor emeritus, minnst Karls Sigurbjörnssonar biskups, sem lést á síðasta ári, en hann var forseti Hins íslenska biblíufélags árin 1998–2012.

Hljómar og góðar minningar á ég af Karli Sigurbjörnssyni. Fyrstu samskipti okkar voru lýsandi fyrir hann. Ég hafði nýútskrifaður stúdent hafið nám í guðfræðideild HÍ haustið 1972, en hann hafði þá svo gott sem lokið því námi.

Karl sendi mér grískar glósur þarna í upphafi náms með góðum óskum og hvatningarorðum. Lýsandi fyrir Karl. Hann vissi að flestum þótti grískan bæði tímafrek og strembin, og sumum varð hún farartálmi í byrjun náms. Góðar glósur voru því mikils metið hjálpartæki.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og það átti fyrir þessum velgjörðarmanni mínum að liggja að verða biskup Íslands 1998 og þjóna því embætti í 14 ár. Heiðursdoktor varð hann frá guðfræðideild árið 2000, en umfram allt einhver áhrifamesti boðberi kristinnar hér á landi um sína daga. Það var gæfa mín að kynnast honum vel og ekki síst að starfa við hlið hans í stjórn Hins íslenska biblíufélags um árabíl.

Þegar Karl féll frá 12. febrúar 2024 eftir langvarandi veikindi skrifaði ég minningargrein um hann sem hófst þannig: „Það er aðdáunarvert hve Karl Sigurbjörnsson biskup fékk miklu áorkað í veikindum sínum. Þýddi bækur og samdi, talaði í kirkjum eftir því sem kræftur leyfðu. Á tímum kófsins sýndi hann hve honum var lagið að bregðast við nýjum aðstæðum. Sendi reglulega út hugvekjur gegnum síma frá heimili sínu eða jafnvel úti í náttúrunni. Og fékk mikla áheyrn.“

Tvö prédikanasöfn sendi Karl frá sér, *Í helgum steini* (2017) og *Dag í senn, eitt andartak í einu* (2019), bæði afar vel heppnuð og læsileg. Ólík, sannarlega, en seldust bæði vel, þó að það væri býsna ríkjandi skoðun að ekki þýddi lengur að gefa út prédikanasöfn. Tími slíkra bókmennta væri liðinn. Karl afsannaði þá kenningu, nema rit hans hafi verið undantekning frá meginreglu. Bæði ritin hafa verið mér kær, hef notað þau mikið.

Í inngangsorðum fyrrnefndu bókarinnar gerir Karl að umtalsefni orðalagið að „setjast í helgan stein“ sem vísar til þess þegar fólk lætur af störfum. Þar sé vísað til hvíldar og kyrrðar sem líkja mætti við kirkju eða klaustur, hinn helga stein. Karl lét af biskupsembætti 1. júlí 2012. En í árslok 2013 var hann beðinn að hlaupa í skarðið og sinna prestsþjónustu í Dómkirkjunni. Því tók hann feginns hendi og þar þjónaði hann allt til sjötugs. Og Dómkirkjunni líkir hann við fornan, helgan stein og og vitnar síðan til frásagnar 2. Mósebókar af því er Móse sló staf sínum á steininn og „út spratt svalandi vatn til blessunar hinum þjáðu og þreyttu“ (bls. 5).

Um andóf gegn kristinni trú

Það fór ekki framhjá svo athugulurum kennimanni sem sr. Karl var að unnið hefur verið gegn kristinni

trú hér á landi. Um það segir hann m.a. í fyrrnefndu bókinni: „Það er lenska að gera lítið úr trú ... hér á landi ríkir áberandi óþol og óvild gegn trú og af hálfu þeirra sem ráðandi eru í orðræðu dagsins“ (bls. 105). Það var þó enginn uppgjafartónn í prédikunum Karls. Hann vissi vel að andóf gegn kirkju og kristni er engin

stjórnin var honum áreynslalaus, þægileg og hófstíllt. Ég minnst þess hve við samstarfsfólk hans fundum vel fyrir því hve mikil persónuleg kynni Karl hafði af félaginu úr fyrri tíð. Sem dæmi bar félagsgjöldin og innheimtu einhvern tíma á góma. Karl gat þá brosmildur, eins og hann gjarnan var, rifjað upp þegar hann sem

„Trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.“ Í framhaldi þessara orða nefnir höfundur Hebreabréfsins nokkra einstaklinga (Nóa, Abraham, Ísak og Jakob) sem hann setur fram sem trúarhetjur. „En bíðum nú við“, skrifar Karl og bætir við: „Þegar betur er að gáð eru þeir allir

ágúst, í fyrrnefndri bók. Síðari daginn segir hann m.a.: „Með þessi uppörvandi og huggunarríku orð megum við ganga út í daginn og veginn, íhuga þau og það mun veita þér gleði og djörfung og kraft sem þú þarfnast“ (bls. 359).

Listin að ná til lesenda og áheyrenda

Hugvekjusöfnin tvö, sem hafa einkum verið grundvöllur þess sem hér hefur verið sagt um Karl Sigurbjörnsson, sýna að hann kunni sannarlega þá list að ná til áheyrenda og lesenda.

Stíll hans einkennist m.a. af því að setningar eru gjarnan stuttar og hnitmiðaðar, á góðu og vönduðu máli. Oft eru þær með ljóðrænum blæ þar sem klifun eða hugsanarím eru ríkulega notuð. Hið síðarnefnda, þ.e. hugsanarímið, á sér traustar biblíurætur. Megin-einkenni hebresks sálmakveðskapar, eins og hann birtist t.d. í Davíðssálmum, er einmitt hugsanarím. Notkun þessa stílbragðs, þ.e. að tjá sömu hugsun með tveimur til þremur hliðstæðum orðum eða í tveimur til þremur setningum eða ljóðlínunum sem tjá sömu hugsun, er meðal þess í ræðum sr. Karls sem minnir á stílbragðið í ræðum dr. Sigurbjörns Einarssonar, föður hans, þess mikla meistara íslenskrar tungu.

Karl var afar vel lesinn, hafði kynnst Biblíunni frá unga aldri og var mjög fundvís á texta sem hæfa tilefnum, hittu í mark og töluðu inn í aðstæður áheyrenda. Davíðssálmar voru honum greinilega hugleiknir og hann hefur notað þá mikið í eigin trúarlífi, jafnt á gleði- sem sorgarstundu. Hann hefur yndi af leiðsögn Drottins, eins og segir um hinn réttláta mann í 1. Davíðssálmi. Í veikindum sínum hafði Karl oft í huga orð 90. Davíðssálms, „kenn oss að telja daga vora ...“, sem er vel að merkja sá sálmur sem þjóðsöngur okkar er ortur út af, 1874. Afköst Karls síðustu árin voru með hreinum ólíkindum. Þar sýndi hann líka með þýðingu margra rita hve vandvirkur og snjall þýðandi hann var.

Karl var viskubrunnur, handgenginn sigildum bókmenntum, íslenskum sem erlendum, einlægur áhugamaður um listir, tónlist, málalist og leiklist. Og fylgdist vel með þjóðfélagsumræðu og lét þar til sín taka í ræðu og riti.

Karl var stöðugt að fræða um gildi og þýðingu Ritningarinnar og kristinnar trúar. Kunni flestum betur að búa þann boðskap í búning sem náði til fjöldans. Afar vel heppnuð, hnitmiðuð fræðslurit hans um Martein Lúther og Hallgrím Pétursson eru góð dæmi þar um. Hann var alþýðufræðari af Guðs náð. Sannur og traustur boðberi trúarinnar.

(Stytt gerð erindis sem flutt var á Skálholtshátíð 20. júlí 2024.)



„Það er aðdáunarvert hve Karl Sigurbjörnsson biskup fékk miklu áorkað í veikindum sínum. Þýddi bækur og samdi, talaði í kirkjum eftir því sem kræftur leyfðu. Á tímum kófsins sýndi hann hve honum var lagið að bregðast við nýjum aðstæðum. Sendi reglulega út hugvekjur gegnum síma frá heimili sínu eða jafnvel úti í náttúrunni. Og fékk mikla áheyrn.“ Ljósmynd: Kristín Bogadóttir.

Köllun manns í lífinu er að færast Jesú Kristi nær, að elska hann meir, líkjast honum meir. Ég kalla þig með nafni, segir hann við þig, þú ert minn!

nýlunda í sögu kristinnar. Hann vissi sömuleiðis að kirkjan er alls ekki yfir gagnrýni hafin. Hans ráð voru sýnilega að gera sér grein fyrir óvildinni, horfa ekki framhjá henni, heldur vega hana og meta. Flytja síðan hinn kristna boðskap með ígrunduðum og kröftugum hætti inn í þær aðstæður og leita í því skyni m.a. fanga í bókmenntum og listgreinum og nýta við hinar breyttu aðstæður.

Stjórn Hins íslenska biblíufélags

Mig langar að minnast samstarfsins með Karli í stjórn Hins íslenska biblíufélags. Í þessu elsta starfandi félagi landsins situr biskup jafnan í forsæti. Þar var Karl traustur stjórnandi, hlýr í viðmóti. Fundar-

ungur drengur var að innheimta félagsgjöldin heima hjá félagsmönnum og mundi auðvitað nöfn margra tryggra liðsmanna Biblíufélagsins frá þeim tíma og hvar það góða fólk bjó.

Biblíuþýðingar voru Karli mjög hugleiknar, hann þekkti í þau sögu þeirra og einkenni. Hann studdi enda vel og dyggilega við bakið á okkur sem sátum í þýðingarnefndum nýjustu Biblíunnar sem kom út árið 2007. Honum var það líka kappsmál og þar lagði hann sannarlega sitt af mörkum að vel tækist til með kynningu hinna nýju útgáfu.

Dag í senn

Síðara prédikanasafnið sem ég nefndi og styðst við, þ.e. *Dag í senn, eitt andartak í einu*, sækir heiti sitt, eins og flestir vita, í kunnan sálm Sigurbjörns Einarssonar. Karl vann að endurskoðun þessa rits áður en hann lést og kom það út í nýrri útgáfu 2024.

Heitið er við hæfi þar sem hér er um að ræða 365 hugvekjur, eina fyrir hvern dag ársins, og titillinn minnir líka á að margt í hugvekjum og prédikunum Karls kallast á við boðskap og prédikanir Sigurbjörns föður hans, sem tvímælalaust var áhrifamesti prédikari 20. aldar hér á landi.

Í hugvekju 20. júlí úr þessu góða riti má finna eina kunnustu skilgreiningu Biblíunnar á trúarhugtakinu úr Hebreabréfinu 11.1:

stórgallaðir persónuleikar að svo mörgu leyti. En Guð skilur þá samt ekki eftir í þeirri sögu.“ Og í framhaldi koma svo þessi dýrmætu og góðu orð frá Karli: „Það er svo satt að sérhver dýrlingur á sér fortíð og sérhver syndari framtíð.“

Uppáhaldstexti

Einhver kynni að spyrja hvort svo biblíufróður maður og mikilreyndur prédikari hafi átt sér upphaldstexta innan Biblíunnar. Og það vill svo til að Karl svarar þeirri spurningu. Textann þann er að finna í þeim hluta Jesajaritsins (k. 40–55) sem í fræðunum er almennt talinn eiga rætur að rekja til spámanns sem starfað hafi meðal Júdamanna sem voru í útlegð í Babýlon, líklega nærri 550 f.Kr. Þar segir í Jesaja 43.1: „Óttast þú ekki því að ég frelsa þig, ég kalla þig með nafni, þú ert minn.“ Karl segir að hann „myndi velja þessi orð“ ef hann fengi ofannefnda spurningu. Sagt sé að hvatningin um „að óttast ekki“ komi þrjú hundruð sextíu og fimm sinnum fyrir í Biblíunni. „Frelsari er sá sem leysir fjöturinn. Kristur hefur leyst af mér það sem fjötrar mig. Köllun manns í lífinu er að færast Jesú Kristi nær, að elska hann meir, líkjast honum meir. Ég kalla þig með nafni, segir hann við þig, þú ert minn!“ (bls. 358). Það er til marks um dálæti Karls á þessum texta að hann fjallar um hann tvo daga í röð, 30. og 31.

Trúin lækna dýpstu sárin

Björn Hjálmarsson yfirlæknir varð fyrir djúpri sorg þegar ungur sonur hans lést voveiflega

• Hann leitaði hugsvölunar í trúnni og vonin og kærleikurinn hjálpuðu • Biblían er ríkuleg uppspretta huggunarorða og visku • Það að iðrast og biðjast fyrirgefningar stuðlar að sálarró

GUÐNI EINARSSON
gudnieinars@gmail.com

Ég missti barn og upplifði djúpa sorg. Andlát sonar míns var óbærilegt áfall fyrir okkur foreldrana og bræður hans. Ég sótti mér hugræna, líkamsmiðaða áfalla-meðferð í hæsta gæðaflokki. En dýpstu sárin í hjarta mínu greru ekki fyrr en ég steig inn í trúna. Í sonarharminum hef ég sótt visku og fegurð í hin ýmsu trúarbrögð,“ segir Björn Hjálmarsson barnageðlæknir og yfirlæknir. Hann missti Hjálmar son sinn sextán ára gamlan sumarið 2002. Fjölskyldan bjó þá í Rotterdam í Hollandi. Hjálmar fór að heiman í fullu fjöri, en kom ekki aftur heim. Tveimur dögum síðar fannst lík hans á árbakka Oude Maas-árinna. Áverkar bentu til þess að andlátíð hafi borið að með voveiflegum hætti. Hvað í raun gerðist var aldrei upplýst og það jók enn á sorgina.

„Geðheilsa mín stóð illa eftir þetta áfall og ég ákvað að fyrirgefa öllum skilyrðislaust. Þetta var langt og strangt ferli og það tók mig 20 ár að fyrirgefa öllum allt. Ég hélt þá að ég væri búinn að fyrirgefa, en þá átti ég eftir að fyrirgefa sjálfum mér. Ég var haldinn óbærilegri skömm á sjálfum mér fyrir að hafa ekki getað tryggt öryggi yndislegs sonar míns sem dó vegna voðaverks.

Ég þurfti líka að fyrirgefa Guði fyrir að hafa tekið yndislegan son minn. Ég veit ekki hvað Guði gekk til að leyfa það að sonur minn skyldi deyja. Það er ofar mínum skilningi en ég treysti Drottni. Eitt er víst að andlát sonar míns gerði mig á endanum að kristnum manni og friðflytjanda. Eftir þetta losnaði ég við þráhugsanir um hvernig andlát sonar míns bar að. Bænin, lestur í Biblíunni, það að hlusta á útvarpsguðsþjónustur, morgunbænin og orð dagsins eru hornsteinar að geðheilsu minni.“

Þegar tengslakerfið hrynur

Björn heldur mikið upp á Dietrich Bonhoeffer (1906-1945), þýskan guðfræðing, prest og baráttumann gegn nasisma. „Hann sagði að trúin læknaði dýpstu hjartasárin. Sem barnageðlæknir finn ég oft að ég næ ekki að lækna dýpsta hluta sáranna sem sumir skjólstæðingar

hafa í hjarta sér. Djúp og einlæg trú á almáttugan Guð getur gert það og eins trú á eilífðina. Gæfan brosir við þeim sem eilífðin hyllir,“ segir Björn. Hann segir að trú sé miklu víðtækari en svo að hún snúist aðeins um æðri mátt. „Ef við trúum ekki að það risi nýr dagur að morgni þá tekur því ekki að fara að sofa. Ef við trúum því ekki að við getum skilað góðu dagsverki þá tekur það því ekki að mæta í vinnuna. Sjálfstraust er að hafa trú á sér til góðra verka. Ég trúi því að hinn æðsti guð friðarins sé sameiginlegur öllum trúarbrögðum.

Hjartasárin eru fyrst og fremst hrun í tengslakerfinu. Það er þegar hjartað tæmist af góðri orku og verður eins og mannlaus gjóta, líkt og lýst er í Egilssögu þegar Egill Skallagrímsson hafði misst tvo sonu. Hann var alveg tómur að innan. Eckhart Tolle segir að dauðinn sé það helgasta sem við kennum við lífið. Það er vegna þess að þegar þetta holrúm sorgarinnar myndast fáum við tækifæri til að fylla það upp af sannri guðsvitund.“

Björn segir að hrun geti orðið í tengslakerfinu, til dæmis við það að missa föður eða móður, barn eða systkini, afa, ömmu eða aðra nákomna. „Það er vegna þess að fólk sem veitti okkur nærandi samskipti er ekki lengur til staðar. Sorgin er hið félagslega sársauka-skyn mannsins sem stuðlar að friði í mannlegum samfélögum,“ segir Björn. Hann segir að of margir vanræki sorgina.

Það þarf að sinna sorginni

„Það er mikilvægt að svara sorginni þegar hún bankar uppá. Sorgin er óhjálkvæmilegt og lífsnauðsynlegt þroskaferli. Fallega uppgerð sorg er uppspretta fegurðar, gæsku og dáðríkis. Það vanrækja margir sorgina og sinna henni ekki. Það þarf að sinna sorginni með hléum svo maður ofgeri sér ekki. Við syrgjum langskilvirkast í tengslum við annað fólk. Það er fólk sem við treystum, er með risastór eyru, hlýtt hjarta, þéttan faðm og pínulítinn munn.“ En hvert geta þeir leitað sem ekki eiga slíkt fólk að?

„Þjóðkirkjan hefur á að skipa stórkostlegu sálgæslufólki sem vinnur þjóðinni ómetanlegt gagn. Eins er kominn Sorgarmiðstöð sem ég er óskaplega þakklátur fyrir. Vandinn er sá að við höfum vanrækt sorgina og sjúkdómsgert

“**Fólk má ekki vera sorgmætt nema í tvær vikur þegar það er sagt orðið þunglynt.**

hana. Fólk má ekki vera sorgmætt nema í tvær vikur þegar það er sagt orðið þunglynt,“ segir Björn. Hann segir sorg vera safn margra stórra tilfinninga. Þegar sársauki sorgarinnar verði óbærilegur grípi þjáningin þennan sársauka í fangið. Fyrst eftir ástvinamissi dofnum við upp og óbærilegur tómleiki hellist yfir okkur. Eftir því sem við göngum okkar sorgar-göngu lengur verður neikvæð þjáning að jákvæðri þjáningu.

Jákvæð þjáning er einhver mesti þroskahlvati sem Björn þekkir.

Leyndardómar sakramentanna

„Við erum öll börn guðs og sannleiksgildi trúarbragða í mínu tilviki lítur þannig út að því gæskuríkari, fegurri og dáðríkari sem trúarbrögðin eru þeim mun sannari eru þau. Ég er mjög upptekinn af sakramentunum eða hinum helgu verkum – náðarverkunum. Þau



Ljósmynd: Jón Svavarsson.



Hjalmar Björnsson (1986–2002). Myndin var tekin þegar Hjalmar var 14 ára.



„Þessi mynd er tekin á hátindi sameiginlegrar hamingju okkar Hjálmars heitins,“ segir Björn um þessa mynd. Hjalmar lést voveíflega árið 2002 í Hollandi.

eru lyklar að trúnni og leyndar-dómar. Ég tel að það hafi verið mistök hjá Marteini Lúther að fækka sakramentunum,“ segir Björn.

Þjóðkirkjan og fleiri mótmæl-endakirkjur viðurkenna aðeins skírn og heilaga kvöldmáltið sem sakramenti. Rómversk-kaþólska kirkjan og rétttrúnaðarkirkjan telja hins vegar sakramentin vera sjö, það er skírn og heilög kvöld-máltið og að auki ferming, skriftir, smurning sjúkra, prestsvígsla og hjónaband. Björn kveðst hafa farið yfir sakramentin í sínu lífi og segir að skírnin skipti sig miklu máli.

„Gunnar Árnason, sóknar-prestur í Kópavogi, skírði mig til kristinnar trúar og ég er þakklátur fyrir það. Í mínum huga stendur kristna trúin fremst, þótt ég sé tilbúinn að nema friðarboðskap úr fleiri trúarbrögðum. Ég var fermdur og fékk ritningarorð frá séra Árna Pálssyni. Þau voru „gjaldið engum illt fyrir illt. Stundið það sem fagurt er fyrir sjónum allra manna“ (Rómverja-bréf 12:17). Það er fyrst á síðustu árum sem ég hef öðlast þroska og visku til að fylgja þessu. Altaris-gangan er náðarmeðal og mikill leyndardómur. Mér líður alltaf svo undur vel eftir altarisgöngu.“

Björn fékk einnig að reyna áhrifamátt smurningar sjúkra þegar hann sótti Taizé-messu í Háteigskirkju. Það er kyrrðarstund með söng Taizé-sálma og bænum. „Séra Tómas Sveinsson gerði krossmark með ilmkjarnaolíu á enni mér, lagði yfir mig hendur og bað þess að Guð gæfi mér kraft, heilsu og frið. Hann var bæn-heyrdur,“ segir Björn.

Kvöldbænir frekar en kvíðalyf

Hann segist heyra reglulega af börnum sem fyllast af ofsakvíða og angist á kvöldin þegar þau eiga að fara að sofa. Björn segir það m.a. stafa af því að þau séu að átta sig á mannlegum hverfuleika og sjá að lífið er ekki eins öruggt og þau hefðu kosið.

„Það fallegasta sem maður gerir við slíkt barn er ekki að setja

Eineltið sem áður var á skólalóðunum er nú komið á netið. Eineltisáætlanir skólanna virka því ekki lengur.

Það á kvíðalyf, að mínu mati, heldur að kenna því að lesa bænir. Hleypum kirkjunnar fólki aftur inn í skólana og tökum upp fræðslu um dæmisögur Jesú. Þær eru sígildar og hafnar yfir öll trúar-brögð og trúarbragðadeilur. Það getur enginn efast um sannleikann í orðum Jesú.“

Þegar synir mínir áttuðu sig á því að heimurinn væri hverfull og gátu ekki sofnað á kvöldin þá las ég með þeim bænir og þeir þurftu engin svefnlyf. Ég held að það myndi spara gríðarleg lyfjaútgjöld ef við kenndum börnum okkar að lesa bænir eins og þessa:

Vertu yfir og allt um kring með elífri blessun þinni, sitji Guðs englar saman í hring sænginni yfir minni. (Sigurður Jónsson í Presthólum).

Þetta vers er guðdómleg gjöf skáldsins til barnanna okkar og huggar þegar þau eru hrædd. Bænin róar hugann og slær á óttann.“

„Ég hef beðið fyrir því opinber-lega að við verndum barnstrúna,“ segir Björn. „Barnið sem grætur sig í svefn af því að það er hrætt og óöruggt er í þörf fyrir hlýjan faðm á himnum. Við þurfum að gefa því tækifæri til að þroska sína barnstrú. Það er ógnvænlegt sem séra Bjarni Karlsson hefur bent á að Jesú Kristi hefur verið ýtt út úr almannarýminu. Það að útrýma trúarbragðafræðslu úr skólum er algjörlega galið. Minn skilningur á Biblíunni er að hún sé stórkostleg uppspretta huggunar.“

Björn nefnir sérstaklega Sálmana og vitnar í 63. sálm eftir Davíð konung þar sem segir: „Mis-kunn þín er mætari en lífið.“ „Ég er kominn þangað á minni trúar-göngu að gera þessa setningu að minni. Ég vil ganga í krafti guðs-ötta og eini sanni yfirmaður minn er Guð. Ég treysti eðlisávisun minni, bæði í einkalífi og í klínísku starfi. Ég geri mitt besta og bý mig undir störf mín eins vel og ég get. Svo þakka ég Guði á kvöldin fyrir allt það sem hann hefur gert fyrir mig. Bæn er ekki bón heldur helgur sáttmáli við almættið. Þeir sem vilja ná snertingu við eilífð-ina þurfa að temja sér alúð, vera hjartahreindir og fátækir í anda.“

Hvað þýða þessi hugtök? „Alúð er að elska sjálfan sig og alla meðbræður sína og -systur. Að vera hjartahreinn er þegar sam-hljómur ríkir á milli tilfinninga, orða og gjörða. Þá ertu heill og sannur og segir ætíð satt, talar af heilindum, sannleika og kær-leika. Mín útlekking á því að vera fátækur í anda er að maður hafi tekið mannlegan hverfuleika, breyskleika og skeikulleika í sátt og gert þá að sínum bestu vinum og kennurum. Það að maður berji sér ekki á brjóst heldur segi: Ég er það sem Drottinn gerði úr mér.“

Að vera helgur maður

Björn hefur valt því fyrir sér hvað það þýði að vera helgur maður. Hann segir að það sé að vinna að því að bæta sjálfan sig allt sitt líf og að verða betri maður á morgun en maður var í dag. Einnig að vinna að því að bæta sitt samfélag. Þetta hafi verið það sem Jesús gerði. „Helgun er að vera frátekin, að lifa í guðsóttanum. Í hverri krísunni á fætur annarri að taka sig frá og spyrja Guð: Hvað geri ég í þessum raunum? Hver eru sið-legustu og bestu viðbrögð mín við þessum vanda? Ef einhver er mjög tímanaumur en langar að helga sig trúnni þá vil ég benda honum á 12. kafla Rómverjabréfsins um sanna og rétta guðsdýrkun. Eins á 13. kafla Fyrra Korintubréfs um gildi kærleikans og á fjallræðu Jesú í 5.-7. kafla Matteusarguðspjalls.

Hvílík huggunarorð sem þar er að finna!“

Hann rifjar upp frásögn Lúkasarguðspjalls (17:20-21) af því þegar Farisear spurðu Jesú hvenær Guðs ríki kæmi. „Jesús svaraði þeim: „Guðs ríki kemur ekki þannig að á því beri. Ekki munu menn segja: Sjá, þar er það eða hér er það því að Guðs ríki er innra með yður.“ Jesús sagði líka: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn mun aldrei inn í það koma.“ (Markúsarguðspjall 10:15) Vísindin láta eins og búið sé að afsanna tilvist Guðs. Ég hef aldrei séð þær rannsóknir. Án andans er efnið einfaldlega dautt,“ segir Björn. Hann rifjar einnig upp orð Nelsons Mandela er hann sagði: „Ég er syndari sem vinnur stöðugt að því að bæta sitt ráð.“ Björn segir að við stöndum öll í sömu sporum og Mandela.

Setja þarf samfélags-miðlum mörk

„Það er eins víst og að við erum lifandi að okkur verða á mistök. Eina leiðin til að forðast mistök er að gera ekki neitt og það eru nú stærstu mistökín. Þess vegna er svo mikilvægt að kenna börnum að iðrast og fyrirgefa. Það er ofbeldisalda í samfélaginu. Svárið við því er kærleikur og að kenna börnum okkar að iðrast og að fyrirgefa. Á tækníöld eru týnd börn í sjálfum sér farin að spegla sig í brotnum spegli samfélags-miðlanna. Þetta er hræðilegt. Ég bið þess að stjórnvöld setji lög sem takmarka aðgang barna að ofbeldisefni. Á veraldarvefnum er engin löggæsla og enginn Jesús. Börnin telja hvert öðru trú um dauðans delli og þetta er mjög ósiðlegt umhverfi.

Ég hef séð svo mörg börn sem eru stórsköðuð af ofbeldi, einelti og klámi á netmiðlunum. Eineltið sem áður var á skólalóðunum er nú komið á netið. Eineltisáætlanir skólanna virka því ekki lengur. Þetta er algjörlega galinn veru-leiki. Við foreldrar verðum að stíga inn og takmarka aðgang barnanna okkar að þessum miðlum þar til þau hafa þroska til að verja sig.

Stjórnvöld verða að setja lög sem takmarka aðgang samskiptamiðla að börnum. Ástralir eru með slíka lagasetningu í burðarliðnum og það er framtíðin. Netpésarnir eru ekki góð leiðsögn fyrir börnin okkar.“

Les Biblíuna eins og ljóð í lausu máli

Birni finnst það vera mannbætandi að sækja kirkju og að iðka heil-brigða trú. „Rannsóknir vestan hafs sýna að þeir sem sækja kirkju reglulega lifi að meðaltali sjö árum lengur en þeir sem ekki gera það.“ En les hann í Biblíunni?

„Já, ég les reglulega í Biblíunni. Ég byrjaði raunar á því ungur. Kristinfræði var alltaf mitt eftir-lætisfag í barnaskóla og ég fékk tíu í einkunn. Kristinfræðin var eigin-lega köllun fyrir mér. Dæmisögur Jesú höfðuðu mikið til mín og þær hafa vaxið með mér alla mína ævi. Ég fletti þeim reglulega upp og ef ég hef gleymt þeim þá rifja ég þær upp. Ég er ekki bókstafstrúar en ég les Biblíuna eins og ljóð í lausu máli, prósa. Sannleikurinn liggur á milli línanna í hinu lifandi orði.

Trúin á efnið og veraldleg gæði, Mammon, er villutrú. Ég sé að ótrúlega margir jafnaldrar mínir hafa týnt sér í sókn eftir verald-legum gæðum. Þeir hafa gleymt að ástunda lögmál hjartans sem eru tign, göggi og reisin. Tign er það að elska og læra að vera elskaður. Göggi er að læra að skynja og skapa fegurð, iðrast og fyrirgefa. Reisin er að afreka það sem hugur stendur til, finna köllun sína og að þjóna öðrum með henni. Ég veit af eigin raun að það að sinna köllun sinni af natni og ástriki veitir djúpa gleði.“

Eftirlætiskaflar í Biblíunni

„Dietrich Bonhoeffer sagði að þakklæti breyti kvöl minninganna í kyrrláta gleði. Þakklæti er ekki bara æðsta dyggðin heldur móðir allra hinna dyggðanna,“ segir Björn. Hann er fróðleikspyrstur og kveðst reyna að para saman forngrísku heimspekina og boð-skap kristinnar trúar. „Lestur hins guðlega orðs bjargar ömurlegum



Frá göngu upp í grunnbúðir Mount Everest. Þar varð Björn fyrir uppljómunum í Thukla Pass Memorial á páskadag 2019.



Frá skírn Kolbjörns, sonarsonar Björns og fyrsta barnabarns hans. Sjálfur er Björn þakklátur fyrir að hafa verið skírður til kristinnar trúar.

degi, aftur og aftur og aftur.“ En hvað les Björn ef hann vill bjarga deginum?

„Þá les ég helst fjallræðuna, spádómsbók Jesaja og guðspjöllin. Mér finnst ótrúlega upplýsandi að sjá hvernig Jesús beitir hinu helga orði, sverði kærleikans, til þess að stilla til friðar. Það er færni sem mig dreymir um að þjálfá mig í, að stilla til friðar og verða friðflytjandi. Mér finnst það vera stærsta hlutverk okkar sem trúum að stilla til friðar.

Einhverra hluta vegna held ég ákaflega mikið upp á söguna af Jósef Jakobssyni í Fyrstu Mósebók. Bræður hans seldu hann í þrældóm til Egyptalands fyrir tuttugu silfurpeninga. Þessi saga höfðar djúpt til mín á einhvern hátt sem ég kann ekki að skýra.“

Björn bætir því við að sagan af týnda syninum í 15. kafla Lúkasarguðspjalls sé sér ákaflega kær. „Það er ekki síst hvernig faðirinn tók á móti glataða syninum sem hafði sóað öllum arfi sínum og kom svo brotinn og beygður heim. Þá var slegið upp veislu! Sonurinn var týndur í sjálfum sér og speglaði sig í brotnum spegli. Hann ofmat eigin færni og getu til að takast á við lífið og sólundaði öllum auðæfum sínum. En faðirinn skynjaði frelsun andans í syni sínum. Hann var kominn til sjálfs sín og skildi loksins hvað faðirinn var honum dýrmætur. Þessu sama föðurhlutverki gegnir Guð á himnum gagnvart okkur ef við erum tilbúin að meðtaka boðskapinn.“

Ógnvænleg ofbeldisalda

Björn segir að ef hinn kristni arfur í tungutakinu og siðmenningunni er fjarlægður þá séum við að rífa okkur upp með rótum. „Hvað verður um tré sem við rífum upp með rótum? Það visnar. Við sjáum slíka visnun í unga fólkinu í dag. Allan þennan hnífaburð og ofbeldisölduna. Friðarboðskapur minn er að við leggjum rækt við trúna, kennum börnunum að lesa bænir og að spegla sig í dæmisögum Jesú Krists og við förum aftur að sækja kirkju.“

Heilbrigðiskerfið getur ekki eitt og sér lægt ofbeldisölduna á meðal ungmenna, það verður samfélagið í heild að gera, að mati Björns. „Hnífaburður er táknið um djúpstætt ööryggi. Börn eru farin að skynja hversu hættulegur og óútreiknanlegur heimurinn getur verið. Við erum að vega að grunntrausti barnanna okkar og ómeðvitað erum við að ræna börnin okkar bernskunni. Sálgreinirinn Erik Erikson lýsti grunntrausti þannig að barn fái það uppeldi að í huga þess sé heimurinn fyrirsjáanlegur og áreiðanlegur staður til að dvelja á. En við erum búin að ræna börnin okkar þessari tilfinningu og verðum að endurheimta hana fyrir þau.

Mikilvægi fyrirgefningarinnar

„Maðurinn er hverful, skeikul og breisk vera. Við gerum öll mistök. Það að læra að fyrirgefa sjálfum sér og öðrum er kjarnaatriði í minni trú. Fyrirgefningin er mesta líknarmeðal sem okkur hefur verið lagt til,“ segir Björn. Hann kveðst byrja hvern dag á að hlusta á Orð dagsins og morgunbæn á rás 1 í Ríkisútvarpinu. Verði misbrestur á því finnst honum hann ganga hálf nakinn inn í daginn.

„Ég er alltaf að uppgötva eitt-hvað nýtt. Það að verða trúður er rannsóknarferli á sjálfum sér,“ segir Björn. „Mahatma Gandhi reiknaði það út fyrir okkur að auga fyrir auga og tönn fyrir tönn muni á endanum gera okkur öll sjónlaus og tannlaus. Desmond Tutu og dóttir hans Mpho Tutu van Furth skrifuðu ákaflega góða bók um fyrirgefninguna. Ég fæ skjólstæðinga mína til að segja mér sögu sína og hjálpa þeim að upplifa þann sársauka sem fylgir sögunni. Þegar við komum þangað er komið að því að fyrirgefa. Maður fyrirgefur fyrst og fremst fyrir sig sjálfan. Ég er ekki Guð en bendi börnunum á að það að fyrirgefa sé mesta lækning sem til er fyrir þann sem hefur sætt óréttlæti.

Stundum þarf að endurreisa eða slíta tengsl, eins og Tutu feðginin benda á. Maður þarf ekki að

Fyrirgefningin er mesta líknarmeðal sem okkur hefur verið lagt til.

deila fyrirgefningu með nokkrum manni. Maður fyrirgefur fyrir sjálfan sig. Fyrirgefningin er mesta friðarmeðal sem manninum hefur verið skapað. Khalil Gibran sagði að náðin sé kóróna sálarinnar.“ Björn segir að fyrirgefning geti klippt á vitahringi þjáningarinnar þegar ein hugsunin kalli á sára tilfinningu sem kallar svo á enn annan sársaukavald. Hann segir að í fræðunum sé þetta kallað „jörtur“. Fólk sé að leita lausna en festist í hugarjórtri.

„Ég kenni skjólstæðingum mínum þrjú gagnleg bjargráð þegar áföll lífsins herja á okkur. Það er að hlúa vel að sjálfum sér, að sækja sér hjálp og að halda ró sinni. Það hjálpar ekki að sleppa beislinu eða halda áfram að jörtra. Það getur bara aukið á vandann. Heilbrigð trú hefur hjálpað mér að takast á við lífið og erfiðleika þess og að vernda mína geðheilsu,“ segir Björn.

Ofbeldi er aldrei ásættanlegt

Ofbeldi, ekki síst í fjölskyldum og nánnum samböndum, er alvarlegt mál. Björn segir að í áfallaþríhyrningnum séu gerandi, þolandi og meðvirkur bjargvættur. Beiti einhver ofbeldi endurtekið gagnvart öðrum þurfi að rjúfa þau tengsl. „Það er bara ein leið út úr áfallaþríhyrningnum. Það er að rísa upp í hlutverki hetjunnar eins og Jesús kennir okkur. Verum hetjur, verum ekki meðvirk með ofbeldi. Við getum rofið tengslin við ofbeldismanninn, dregið okkur út úr ofbeldisfullu aðstæðunum og beðið fyrir ofbeldismanninum. En við megum ekki ofmeta styrk okkar í eitruðum samskiptum. Þau

geta brotið sterkustu einstaklinga niður og orðið lífshættuleg.

Leiðbeiningin um að rjúfa eða endurreisa tengsl ræðst af því hvort gerandinn getur sjálfur orðið hetja og iðrast og beðist fyrirgefningar. Sé hann forhertur er ein leið fórnarlambins að rjúfa tengslin við gerandann og biðja fyrir honum. Maður á samt ekki að biðja um of fyrir ofbeldismanninum því þá er maður að saga vondu orkuna hans að sér. Það er betra að leggja ofbeldismanninn við fótskör Drottins og biðja hann að hjálpa þeim sem beitir ofbeldi.

Eitruð samskipti geta rústað geðheilsu okkar. Við megum aldrei vera meðvirk með ofbeldi. Sé ofbeldi innan hjónabands þíns þá verður þú að ræða það við einhvern sem þú treystir og rjúfa það. Öryggi trompar alltaf trúnað og trúnaður um ofbeldi er einhver verstu mistök sem ég hef séð í ófarsælum hjónaböndum. Það má heldur ekki gleyma því að það að beita ofbeldi árum saman er skaðlegast fyrir ofbeldismanninn sjálfan.“

Björn segir að fyrirgefningarferlið geti verið sársaukafullt þroskaferli en hann hefur séð það virka í sjálfum sér og hjá öðrum. „Þetta er leyndardómur og guðlegt fyrirbæri. Ég sem barnageðlæknir hef það ekki í mínu valdi að stýra fyrirgefningunni eða velja hana fyrir skjólstæðinga mína. Þetta verður hver og einn að velja sjálfur. Fyrirgefningarferlið tekur tíma og maður má ekki fara sér of geyst heldur þarf að taka einn dag í einu.

Viljinn til friðar, kærleika og fegurðar eru drifkraftarnir á bakvið fyrirgefningarferlið. Við gerum öll mistök og það að vera fljótur að iðrast og biðjast fyrirgefningar stuðlar að sálarró. Sjáið bara glampann í augum þeirra sem þið biðjið fyrirgefningar. Það einkennir þroskað fólk að það er fljótt að biðjast fyrirgefningar þegar því verður á.“

HIMNESKT LJÓS

eftir Björn Hjálmarsson

mig dreymir að verða
hjartahreinn,
temja mér alúð og fátækt í anda
– algjör samhljómur ríki
milli tilfinninga, hugsana, orða
og gjörða

ég verði sjálfum mér samkvæmur
í farsælu uppgjöri við mitt
lífshlaup
– vingist við litla skelfingu lostna
hnokkann í hjarta mér

ég temji mér heilindi og hollustu
gagnvart öllu sem lifir
– himnaþrenningunni og
ekki hvað síst sjálfum mér

ég beini orðum mínum
að kærleika, fegurð og sannleika
– heiðri minningu foreldra og
sonar sem féll frumvaxta frá

ég læri að umbera helvíti á jörð
án þess að sturlast af skelfingu
– upplifi mig sáluhólpinn
í blóðugum sporum Maríu
Guðsmóður

ég sjái Guð í öllum, í öllum
aðstæðum
tengist eilífðinni af sannri
andagift
– deyi sjálfum mér og
rísi upp til himneskra tenginga

hið sanna Sjálf er ljósberi
og auðmjúkur friðflytjandi

SÁL RÆN ENDURHEIMT

eftir Björn Hjálmarsson

Himinn er heiður og tær,
heimspekin sækir að mér.
Sálin í hjarta mér hlær
heilnæmur þytur frá þér.

Merlar á fannhvíta mjöll.
Máttur er nægur í mér.
Hamingja; lotning í höll
hugur minn allur hjá þér.

Sólskin á sinni mitt slær
skjannhvítri birtu á mel.
Hjarta af illsku hún þvær
hugföngnum liður mér vel.

Fylgja mér frúin og barn;
fátöl um dýrðina þá.
Hjarta sem fljótandi hjarn
hjarlar og rennur mér frá.

Himnesk er stundin mér sú
samviskan tær eins og mjöll.
Á himnum nú hvílir þú
hjartahreinn saga þín öll.

SPURT OG SVARAÐ • Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands og forseti Hins íslenska biblíufélags

Undir okkur komið að vekja þennan áhuga

Manst þú eftir fyrsta skiptinu sem þú last Biblíuna eða heyrðir af henni? Hefur það haft áhrif á þig á einhvern hátt?

„Ég man ekki eftir fyrsta skiptinu sem ég las Biblíuna því að Biblían og sögur hennar hafa verið hluti af lífi mínu svo lengi sem ég man eftir mér. Ég las mikið sem barn og það voru margar bækur á æskuheimili mínu. Þar á meðal var Biblían og ýmsar útgáfur af biblíu-sögum. Ég man eftir bláu biblíu-sögubókunum sem aðventistar gáfu út og voru til á heimilinu. Þær las ég margoft enda man ég svo vel hvað þær voru skemmtilega myndskreyttar og aðgengilegar. Sjálfa Biblíuna las ég ekki í heild sem barn eða unglingur en það kom fyrir að ég læsi eitt og annað og heyrði sögurnar lesnar, s.s. á KFUK-fundum og í kirkjum.“

Geturðu lýst hvernig sam-band þitt við Biblíuna hefur þróast í gegnum ævina?

„Amma mín heitin, Guðrún Guðmundsdóttir, gaf mér Biblíuna í fermingargjöf. Þetta er forlata ferðabiblía sem hægt er að loka með rennilás. Mér þótti þetta ekki mest spennandi fermingargjöfin og sá fyrir mér, 14 ára gömul, að þessi bók fengi að standa að mestu óhreyfð í bókahillunni. Ég las ekki mikið í henni fyrst í stað. Það var síðan á menntaskólaárunum að áhugi minn á Biblíunni og Guðs orði fór að aukast og ég fór að lesa meira í Ritningunni. Fljótlega komst ég að því að þetta var það magnaðasta sem ég hafði nokkurn tíma lesið. Af því að Biblían snertir á öllu sem viðkemur því að vera manneskja í flóknum heimi, og guðspjöllin, orð Jesú frá Nasaret og sögurnar um hann, gáfu mér nýja sýn á lífið og tilganginn með þessu öllu saman. Eitt af því sem kom mér af stað í lestri á Biblíunni var valnámskeið í siðfræði sem ég tók í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Kennarinn í námskeiðinu var guðfræðingur og meðal kennslubóka í námskeiðinu var Biblían.“

Segja má að lestur í Biblíunni, og samtöl um hana við fólk sem hafði dýpri þekkingu á henni, sé meðal þess sem gerði það að verkum að ég skráði mig í nám í guðfræði eftir stúdentspróf. Það fór því svo að Biblían sem amma mín gaf mér og ég hélt að myndi standa óhreyfð í bókahillunni er mest lesna bókin sem ég á. Rennilásinn er löngu hættur að virka og sumar blaðsíðurnar hanga saman á þrjóskunni. Mér þykir ákaflega vænt um einmitt þessa Biblíu og hún fylgir mér alltaf þótt síðan hafi komið út ný þýðing á Biblíunni.“

Hvernig nýtir þú Biblíuna í starfi þínu sem biskup?

„Það má alveg segja að ég sé með Biblíuna stöðugt við höndina, að hún fylgi mér hvert sem ég fer.



„Eitt af því sem kom mér af stað í lestri á Biblíunni var valnámskeið í siðfræði sem ég tók í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Kennarinn í námskeiðinu var guðfræðingur og meðal kennslubóka í námskeiðinu var Biblían,“ segir Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands. Ljósmynd: Baldur Kristjánsson.

Sömu textarnir segja okkur nýjar sögur þegar við lesum þá inn í okkar reynsluheim.

Ég les yfirleitt eitthvað á hverjum degi og byrja daginn gjarnan á að lesa eitt vers eða tvö sem ég geymi með mér þann daginn. Stundum koma tímabil þar sem ég les ákveðnar bækur Biblíunnar.

Allar prédikanir í þjóðkirkjunni byggjast á ritningunni og því krefst vígð þjónusta í kirkjunni þess að við lesum Biblíuna reglulega og íhugum hana. Ég er með nokkuð margar bænastundir með einhverjum hætti í hverri viku og því er nauðsynlegt að vera með Biblíuna við höndina. En Biblían er til á ýmsu formi og ég nota biblíuappið og biblíuvefinn þó nokkuð, jafnvel *Orð Guðs til þín* og aðrar öskjur þar sem hægt er að draga biblíuvers og hugleiða.“

Eru einhver ákveðin vers eða kaflar sem hafa leitað á þig í þínum störfum?

„Ég hef aldrei átt mér uppáhalds-biblíuvers því ólíkar aðstæður kalla á ólíka texta. Á tímabili vann ég mikið með erfiða texta í Gamla testamentinu og skoðaði hvernig þeir gætu hjálpað okkur að ræða erfið mál, t.d. í prédikunum eða í samtalshópum í kirkjunni. Þegar ég vel biblíutexta til að lesa og hugleiða í ólíku samhengi reyni ég að velja texta sem tala inn í aðstæður hverju sinni. Biblían er

svo óendanlega rík af fjölbreyttum bókum og textum að stundum getur verið vandasamt að velja úr. Þannig eru ákveðnir textar sem ég leita í þegar ég þarf huggun og von og aðrir þegar ég er í leit að hugrekki, svo að dæmi séu nefnd.“

Hvernig ætti kirkjan að nálgast Biblíuna í samtali við fólk í dag?

„Ég hef ákveðnar áhyggjur af dvínandi þekkingu yngri kynslóða á Biblíunni og sögum hennar. Menning okkar byggist að miklu leyti á Biblíunni. Myndlist, tónlist og bókmenntir hafa til að mynda öldum saman haft skýra skírskotun í Biblíuna og því er hætta á því að nýjar kynslóðir verði ekki læsar á menningararf okkar. Þetta er áskorun sem Biblíufélagið þarf að takast á við og það sama á við um þjóðkirkjuna. Biblíufélagið hefur brugðist við þessu nú þegar og gefið út Biblíuna á hljóðbók á íslensku auk þess að bjóða upp á biblíuapp. Önnur leið sem Biblíufélagið gæti farið er að vinna að útgáfu á Biblíu á einfaldara og aðgengilegra máli. Ein leið er að skoða eitthvað í líkingu við bláu biblíusögurnar sem ég minntist á hér á undan. Ég man enn hvað þær snertu við mér. Kirkjan er einnig að gera góða hluti nú þegar kemur að biblíufræðslu, og á mörgum stöðum hefur hún verið aukin, bæði í barnastarfi og unglingastarfi, og einnig með biblíulestrahópum og samtalshópum meðal fullorðinna. Þá er að færast í aukana að kirkjur nýti sér samfélagsmiðla til að koma á framfæri fróðleik um Biblíuna og kristna trú og þar er þjóðkirkjan einmitt að hasla sér völl þessa dagana. Undanfarið virðist áhugi yngra fólks á trúmálum vera að aukast og þá um leið áhugi á Biblíunni og

við því hefur verið brugðist, m.a. með því að bjóða upp á biblíulestur með yngra fólki.“

Er einhver biblíutexti sem hefur haft djúpstæð áhrif á þig persónulega?

„Biblíutextar sem hafa haft djúpstæð áhrif á mig eru nokkrir, bæði í Gamla testamentinu og Nýja testamentinu. Davíðssálmur 139 er einn þeirra. Það gerist eitt-hvað innra með mér þegar ég les þennan fallega texta um Guð sem umlykur mig á bak og brjóst, skilur hverja mína hugsun og er með mér í myrkri og ljósi, enda myrkur og ljós jöfn fyrir Guði. Orð Páls í 7. kafla Rómverjabréfsins eru einnig svo góð áminning um hversu flókið það er að vera manneskja, en í 19. versí segir hann: „Hið góða, sem ég vil, geri ég ekki en hið vonða, sem ég vil ekki, það geri ég.“ Ég tel nokkuð víst að við flest þekkjum þessa glímu. Þeir eru margir textarnir sem hafa haft áhrif á mig í gegnum tíðina. Sæluboðin í Matteusarguðspjalli eru dæmi um slíka texta og í Jesaja spámanni er einnig að finna orð sem hafa haft djúp áhrif á mig og mína trú, svo eitthvað sé nefnt.“

Hefurðu stundum fundið nýja merkingu í gömlum texta? Hvernig þá?

„Ég finn reglulega nýja merkingu í gömlum textum. Prestar prédika út frá sama textanum um það bil þriðja hvert ár sem þýðir að við sem prédikum erum oft að vinna með sömu textana. Og það er svo merkilegt að þegar þú vinnur með sama textann á ólíkum tímum, þá er það gjarnan svo að þú finnur nýja merkingu eða sérð eitthvað sem þú sást ekki áður. Oft er talað um að Biblían sé „lifandi orð“ og hún er það svo sannarlega í

mínum huga. Textar hennar tala inn í líf okkar með ólíkum hætti á ólíkum tímum, og sömu textarnir segja okkur nýjar sögur þegar við lesum þá inn í okkar reynsluheim.“

Hvernig telur þú að Biblían geti haft góð áhrif á íslenskt samfélag í dag?

„Biblían er það rit sem hefur haft mest áhrif á samfélag okkar frá kristnitöku – og hefur enn þótt einhver kjósi að sjá það ekki. Enn í dag er hún okkar siðferðilegi áttaviti, auk þess sem stór hluti allra orðatiltækja sem við notum í dag eru sótt í Biblíuna. Við vitnum því oftár í Biblíuna en við höldum, mörg hver. Biblían er fjársjóður sem getur leiðbeint okkur, hjálpað okkur að finna aukna dýpt í lífinu. Ég vil því hvetja fólk, sérstaklega yngra fólk sem ekki hefur lært biblíusögur nema að takmörkuðu leyti í skólanum, til þess að líta í Biblíuna. Það getur virst bratt að ætla sér að byrja á byrjuninni og lesa hana í einni beit og það er að mínu mati ekki besta aðferðin. Mér hefur reynst betur að velja ólíkar bækur Biblíunnar og lesa þær eða fylgja ákveðinni lestrar-áætlun. Þá er líka sniðugt að nýta sér öskjur með biblíuversum sem þú dregur og lest eitt vers í einu. Svo er til mikið af bókum með hugleiðingum út frá einstaka biblíuversum. Ein leið sem hefur reynst mörgum vel er að sækja biblíuleshóp í kirkjunni í nágrenninu.“

Hefur Biblían eitthvað að gefa þeim sem ekki trúa?

„Já, aldeilis, þó ekki væri nema tækifæri til að skilja betur íslenska sögu og dýpka læsi á menningu okkar. Hún getur haft mikið að gefa ef fólk gefur henni tækifæri. Ég veit til þess að fjölmargt fólk hefur lesið mikið í Biblíunni þó að það trúir ekki, og það hefur fundið þar fjársjóði. Biblían hefur líka vakið heimspekilegan áhuga margra. Það er engin tilviljun að Nýja testamentið er yfirleitt að finna í hótelterbergjum í þeim hluta heimsins sem kennir sig við kristna trú, auk þess sem Biblían er mest selda bók veraldar. Hún hefur svo ótal margt að geyma. Í Biblíunni eru bardagasögur og ástarsögur. Þar eru spádómar og heilræði. Ein bók Biblíunnar, Ljóðaljóðin, fjallar eingöngu um ástina. En þarna eru einnig sögulegir textar og í Nýja testamentinu má finna sögurnar af lífi og starfi Jesú. En það mikilvægasta er ef til vill að Biblían er bókin um það hvernig það er að vera manneskja í tengslum við Guð. Það hlýtur að vera eitthvað sem getur vakið áhuga, hvort sem fólk trúir eða ekki. En svo er það auðvitað undir okkur komið að vekja þennan áhuga.“